

Ályktun um stuðning við ættleiðingar frá útlöndum

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands hvetur stjórnvöld til að tryggja að bætt verði staða fólks sem leitast við að ættleiða börn frá útlöndum. Heilbrigðiskerfið tekur þátt í margvíslegum kostnaði vegna barneigna – eins og eðlilegt er – en engar ívilnanir eru veittar því fólki sem leitar eftir að ættleiða barn frá útlöndum eins og gert er í nágrannalöndunum. Þó er ljóst að því fylgir umtalsverður kostnaður og ekki á færi láglaunafólks að fara þessa leið. Þátttaka almannatrygginga í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum hlýtur að eiga að vera sjálfsagður hluti velferðarkerfis – ef það á að rísa undir nafni.

Greinagerð:

Það er ljóst að ekki geta allir eignast börn á hefðbundinn hátt. Ástæður þessa geta verið margvíslegar, en eru oftast tengdar ófrjósemi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða áhrif það getur haft á fólk sem á sér engan draum heitari en að eignast börn. Undanfarin ár hafa læknávisindin hjálpað mjög mörgum til barneigna, með svokallaðri tæknifrjóvgun. Sú aðferð dugar þó ekki öllum. Kostur þeirra fjölskyldna er að ættleiða barn. Í einhverjum tilvikum er um að ræða ættleiðingar barna sem fædd eru á Íslandi. Í mun fleiri tilvikum hefur þó verið um að ræða ættleiðingu frá útlöndum. Á undanförunum árum og áratugum hafa allmargar íslenskar fjölskyldur nýtt sér þann möguleika. Sem dæmi má nefna, að allmörg börn voru á sínum tíma ættleidd frá Sri Lanka og undanfarið hafa fjölmörg börn verið ættleidd frá Indlandi. Nýlega opnaðist fyrir möguleika á ættleiðingu frá Kína. Þau lönd sem nú eru formleg tengsl við í þessu sambandi eru Indland, Kína, Kólumbía og Thailand. Ættleidd hafa verið á bilinu 15 – 24 börn á ári, að jafnaði, alls um 400 börn.

Kostnaður við ættleiðingu er mismunandi eftir löndum. Greiða þarf upphald barnsins, lögfræði- og dómskostnað og ferðakostnað en væntanlegir kjörforeldrar fara oftast sjálfir til að sækja barn sitt. Ekki er fjarri lagi að ætla að lágmarkskostnaður sé um ein milljón króna. Þá fjármuni þarf að reiða fram á skömmum tíma. Til þess að hafa eina milljón króna til ráðstöfunar, þarf að vinna fyrir talsvert hærra upphæð, fyrir skatta og skyldur. Það ætti því að vera ljóst að það er ekki á færi almenns verkafólks að ættleiða börn frá útlöndum.

Þess vegna hlýtur samfélaginu að vera skylt að jafna aðstöðu fólks í þessari stöðu, við aðstöðu þeirra sem eignast börn eftir hefðbundnum leiðum. Í nágrannalöndunum sem við miðum okkur gjarnan við – tekur ríkið þátt í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum, allt frá um 200.000 krónum í ríflega 400 þúsund.

Ennfremur má benda á, að á sama tíma og þátttaka ríkisins í kostnaði við ættleiðingar er sjálfsagður hluti samtryggingar og velferðar.

Það mæla öll rök með því að þessi ójöfnuður verði leiðréttur hið allra fyrsta. Það er siðferðilega rangt að mismuna fólki með þessu móti. Upphæðirnar og fjöldi ættleiðinga frá útlöndum er ekki þannig að það kæmi til með að setja ríkisfjármálin úr skorðum.